



# Lífgeislar

Tímarit um lífsambönd við aðrar stjörnur 13. tbl. Október 1977

Lífið er kraftur, sem brýst fram í alheimi efnisins, í þeim tilgangi að skapa efnið fram til sífellt æðri fullkominunar.

*Helgi Pjeturss*

## Hin mikla kringlulaga vetrarbraut NGC 4486

Þessi vetrarbraut er ein hinna björtustu í vetrarbrautarhvirfingunni í Meyjarmerkinu. Hún er einnig að efnismagni mest þeirra vetrarbrauta, sem slíkar mælingar hafa verið gerðar á. Hún er næstum fullkomlega kringlulaga, og henni tilheyrir mikill fjöldi kúlumyndaðra stjörnuþyrpinga, sem sjást á ljósmyndinni eins og daufar stjörnur.

Þessi vetrarbraut er uppspretta geysiöflugrar útvarpsgeislunar, og á miðri kringlu hennar er útskot eða „hali“, sem sendir frá sér sterka ljósgeislun og útvarpsgeislun. Þetta útskot sést þó ekki á þessari mynd.

Þessi vetrarbraut er ein þeirra, sem talin er mjög gömul og þróuð, og eru því allar líkur á, að hún sé heimkynni öflugs og háþróaðs lífs.

Stórkostlegur ávinningur væri okkur jarðarbúum að komast í fullkomnari og nánari lífsambönd, en enn hefur orðið, við hinar lífmögnuðu vitverur slíkrar vetrarbrautar.

Ekkert er mannkyni jarðar okkar eins mikil nauðsyn, og aukin lífmagnan frá æðri lífheimum annarra stjarna og annarra vetrarbrauta.

*Ingvær Agnarsson.*

(Myndin fengin úr: La Nouvelle Astronomie)

# Erindi og greinar

## UPPRIFJUN LAUSNAR — OG ÁRÉTTING

„Stjarnfræðingar eru allvel sammála um, að sköpunin sé sífelld. Þeir áætla, að í hinum sýnilega heimi einum saman séu það, sem kalla má „ný efni“, sífellt að verða til, skapast, og með hraða og magni, sem nemi hundruðum miljóna, miljóna, miljóna, miljóna smálesta á sekúndu hverri. Þetta gífurlega mikla sköpunarmagn skýrir tilveru hins víðáttumikla, sístækkandi alheims, þar sem nýjar vetrarbrautir eru sífellt að skapast.“

Þessa málsgrein gefur að lesa í fyrsta kafla bókar nokkurrar, sem nýlega hefir verið gefin út í íslenzkri þýðingu undir heitinu, *Dularmögn hugans*, og þætti mér gott, ef þessi heimsfræðiskilningur væri nú að verða ráðandi í stað hinnar fráleitu sprengikenningar, sem um skeið hefir svo mjög verið á loft haldið. Þótti mér sem ég hefði komið að mikilli lausn, þegar ég vorið 1949 komst að þeirri niðurstöðu, að heimurinn bæti æ við sig af sögu sinni og hinn sífelldu viðbót nýrra lifenda. Segi ég frá þessu á einum stað í „Tunglsgeislum“ mínum, bls. 40, og var það áður en ég heyrdi fyrst frá því sagt, að enskur heimsfræðingur, Fred Hoyle, hefði, en út frá öðrum ályktanagrunni, látið sér koma hið sama í hug. Hefir þetta síðan, sem vonlegt er, eingöngu verið kennt við hann, og skal nú bráðlega verða vikið að áréttingunni.

Höfundur nefndrar bókar, Harold Sherman, er vísindahyggjumaður svo langt, sem dulhyggjumaður getur það verið. Hefir hann mikið fengizt við það, sem táknað er með bókstöfunum ESP, og má færa honum það til lofs auk málsgreinarinnar hér í upphafi, að hann getur í þessari bók sinni um þá afarmikilsverðu tilraunaniðurstöðu, að huggeislinn hindrist ekki af efni, sem öll önnur geislan hindrast af. Ætti sú staðreynd að geta greitt fyrir þeim skilningi, að geislan lífs og hugsunar muni einnig vera allri annari geislan óháðari, hvað hraðfleygi snertir. Og þótt ég við lestur bókar þessarar fyndi oft til vöntunar þess skilnings, sem felst í

orðinu lífstarfsleiðsla, þá er þar frá ýmsum dæmum sagt til stuðnings og staðfestingar á því, að sambönd og lífstarfsleiðsla eigi sér stað, og getur hver, sem vill kynnt því af að lesa bókina. Aðeins ætla ég hér að víkja að einu dæmi til áréttingar skilningi mínum á hlutskyggni og reimleikum bundnum ákveðnum stöðum. Segir þarna í bókinni, bls. 40 til 45, frá tveimur slíkum dæmum. Er annað þeirra um upprifjan morðs, sem skynjað var og það oftast en einusinni í sama herbergi og það hafði verið framíð, og er í fljótu bragði ekki óeðlilegt, að mönnum þyki sem skýringin á því muni vera sú, að sjálft herbergið hafi með einhverjum hætti verið mengað af þeim atburði. Hitt dæmið, sem í grundvallaratriði ætti að skýrast á sama hátt, sýnir aftur á móti ljóslega fram á, að sú skýring, ef skýringu skyldi kalla, dugir ekki, og skal því það dæmið rakið nokkru nánar.

Samkvæmt frásögu bókarhöfundar er ástæða til að ætla, að hann ýmsra hluta vegna hafi notið trausts nokkuð margra, og gerir það skiljanlegra margt af því, sem hann segir af ESP hæfileikum sínum. Urðu margir þeirra vegna til þess að leita til hans í raunum sínum, og var upphaf dæmisins, sem hér verður rakið, að unglingur nokkur hverfur heiman frá foreldrum sínum þannig, að enginn veit hvar hann muni vera niður kominn. Leitadi faðir unglingsins nú til bókarhöfundar í þeirri von, að hann fyrir hlutskyggni gæti sagt sér eitthvað frá hinum týnda syni. Hafði faðirinn með sér sokka af honum í því ástandi, sem sonurinn hafði við þá skilið, og var þá fyrst, að bókarhöfundur skynjaði það, sem var, en honum hafði ekki verið sagt, að orsök flóttans var ástarsorg, sem unglingnum fannst sem foreldrar sínir skildu ekki nógu vel, og er að vonum, að sú bitra sorg skyldi fyrst vera skynjuð. Þar næst komst bókarhöfundur að því út frá þessari „hlutskyggni“ sinni, að hinn ungi maður væri á sífelldu flakki, stanzaði hvergi lengi á sama stað. En hvar eða hvernig unnt væri að finna hann, gat bókarhöfundur ekki sagt.

Vegna þess, sem bókarhöfundur hafði þarna réttilega skynjað, leituðu foreldrarnir til hans aftur, og færðu honum nú mynd af syni sínum ásamt óhreinni skyrtnu. Segist hann þá hafa fundið augu hins eftirvæntingarfulla föður hvíla á sér, konu hans og dóttur, og þar með skynjað hinu heitu ósk þeirra um að fá góðar fréttir. En þrátt fyrir sinn góða vilja segist hann þó ekki hafa getað sagt þeim annað en það, að sonur þeirra væri á lífi. Honum hefði að vísu komið í hug að fyrirfara sér, en að hann væri nú

kominn yfir það. Hefði hann nú þegar skipt um nafn, til þess betur að dyljast, að hann stæði aldrei lengi við í sama stað, að hann ynni það, sem byðist, til að hafa ofan af fyrir sér á þessu flakki sínu, og að nú væri hann að þvo matarílát á ákveðnum stað í Texas. Komst faðirinn svo að því við að fara til þessa staðar og sýna þar mynd af syni sínum, að þar hefði hann verið á hinni tilnefndu stund, en farið þaðan daginn áður en faðir hans kom þangað.

Í þriðja sinn leitaði faðir þessi til bókarhöfundar og bað um vísbendingu. Segist bókarhöfundur þá hafa haft nauman tíma, því að liðið hefði verið að jólum, en skrifaði þó aftur þess efnis, að týndi sonurinn hefði nú að mestu jafnað sig og mundi að lokum snúa við heim til foreldra sinna af frjálsum vilja, en að það mundi þó ekki verða fyrr en í apríl á næsta ári. Reyndist þetta þá allt eins og bókarhöfundur sagði. Og nú er það spurningin, hvernig hann hefir öðlazzt alla þessa vitneskju.

Eftir því, sem mér skilst, þá var þarna í öll skiptin um hlutskyggni að ræða, eða eftirgrenslan fyrir hlutskyggni, og segist bókarhöfundur þó ekki vita, hversu mikið snertingin við sokkana og skyrtna hafi þarna haft að segja né heldur ljósmyndin, og hefir honum að sjálfsgöðu þótt furðulegt, að spávizkan stafaði þaðan. Þótt reynt væri að hugsa sér það, sem í rauninni er í mesta lagi fráleitt og óhugsanlegt, að sokkarnir og skyrtnan hefðu „vitað“ um ástarsorg unglingsins, meðan hann klæddist þeim, og að þau hefðu síðan með einhverjum hætti getað endurspeglað það til bókarhöfundar eða hann látið þau segja sér það, þá ætti öllum að geta verið ljóst, að slíkt nægði ekki til að veita vitneskju um unglínginn, eftir að hann fór að heiman, hvað þá til að segja fyrir um, hvenær hann mundi koma heim aftur. Hér getur því naumast orðið um aðra skýringu að ræða en þá, sem ég þegar hefi látið mér skiljast varðandi svona staðreyndir, samskynjanir og önnur vitundatengsl við þá, sem atburðina sáu og lifðu. Samband það, sem bókarhöfundur tókst að ná við unglínginn týnda, hefir í byrjun hlotið að vera skynjanasamband þannig til komið, að hann fyrir hugareinbeitingu og stillíáhrif föðurins eða foreldranna hefir að einhverju leyti orðið skyngjafi unglíngnum, meðan hann sjálfur sá og hafði hendur á flíkum hans. Má ætla, að unglíngurinn hafi ekki gert sér neina ljósa grein fyrir þessari skynjun, en að hún hafi þó nægt til þess að vekja hjá honum minningar, sem bókarhöfundur skynjaði þá um leið, og var þar þá vitanlega greinilegust

orsök flóttans eða ástarsorgin. Og nú þegar fjarsambandið hafði þarna tekizt á milli tveggja einstaklinga, hefir þarna orðið eins og oft verður, þegar þannig stendur á, að það hefir leitt til enn annarra og víðtækari sambanda, sambanda við þá, sem betur vissu en nokkur af íbúum jarðarinnar gat af einum saman eigin rammleik vitað. Hefir spávitneskjan verið þaðan komin. — Eins og ég oft hefi tekið fram, þá er aldrei nema um tvær leiðir að ræða til þess að öðlast vitneskjur, sú leið að afla sér þeirra sjálfur af eigin rammleik eða þá hin að þiggja þær af öðrum, sem betur vita. Og varðandi skynjanir eða skyggni, hverju nafni sem nefnast, ætti öllum að geta verið ljóst að gildi hið sama. Ekki heldur þar getur verið nema um það tvennt að ræða, að njóta að eigin skynfæra eða þá fyrir líf- eða hugarstarfsíleiðslu að njóta að skynfæra einhvers annars, og getur þá stundum blandazt saman eða orðið óljós greining milli þess, sem skyngjafinn lifir þá á stundinni og hann aðeins rifjar upp. Er það einmitt mjög skiljanlegt, að upprifjan mjög átakanlegs atburðar geti hjá draum- eða skynþega orðið sem yfirstandandi veruleiki.

1. júní '77.

Þorsteinn Jónsson á Úlfsstöðum.

## **M Y R —**

**Spakmæli og snilliorð úr ljóðum Þorsteins Jónssonar á Úlfsstöðum.**

Breyting hver er samræmis að leita.

---

Elda lífsins kyndir þrotlaust veldi.

---

Geislaskin um geiminn allan hríslast.

---

Vilji trúgjarns reynir fátt að skilja.

---

Nærri skynjar sjónin ei hið stærra.

---

Lastmálugur lýsir eigin brestum.

---

Leynir enginn hug, sem kastar steini.

## NÚTÍMA DRAUGASAGA

Pegar við sjáum 100 tonna nútíma farþegaþotu hefja sig til flugs með orku, er telst í tugum þúsunda hestafla, getum við verið þess fullviss, að við höfum fyrir augunum skilgetið afkvæmi raunvísindanna.

Varla er unnt að hugsa sér ólíklegri vettvang „dulrænna“ atburða en þetta tækniundur tuttugustu aldar. Þó hefir sá einstæði atburður gerzt, að fyrirburðir, sem sumir myndu nefna „drauga-gang“ hafa átt sér stað um borð í slíku farartæki, og ekki einungis í fullri dagsbirtu heldur einnig margoft og í viðurvist fjölda vitna, bæði á flugi og eins á jörðu niðri.

Ef ég hefði verið spurður, hvort ég teldi líklegt að atburðir, sem hér verður skýrt frá, gætu átt sér stað, hefði ég svarað að það þætti mér afar ólíklegt. Kemur þar margt til greina. Fyrst er það að allt er varðar flug og flugvélar er svo ákaflega raunvísindalegt og laust við allt dularfullt. Saga flugsins segir frá þrotlausum tilraunum til að leysa úr ákveðnum eðlisfræðilegum gátum, sem nú hafa verið svo rækilega skildar, að eigi einungis er mannum kleift að fljúga risastórum farartækjum hvert á jörð sem er, heldur hefir einnig tekizt að senda mönnuð og ómönnuð geimför út fyrir gufuhvolf jarðar og alla leið til annarra hnatta. Sú tækni, sem til þess hefir þurft er hápunktur mannlegrar tæknipækkingar.

Fólk sem starfar við flug er sér ákaflega vel meðvitandi um þessa sögu og finnur vel fyrir hinu tæknimettaða andrúmslofti. Þess vegna er það, að ég hefði talið að atburðir eins og er svípir og líkamningar sjást, sem hvort tveggja eru tiltölulega sjaldgæf fyrirbæri, myndu alls staðar annars staðar frekar koma fyrir, heldur en í hinu tæknimettaða nútíma andrúmslofti sem einkennir flugið, ekki sízt farþegaflugið. Eins og flestir vita hafa dularfullir atburðir eins og t. d. birting líkamninga varla átt sér stað annars staðar en á miðilsfundi. Og svípir birtast helst á stöðum eins og í gömlum húsum þar sem mikilfenglegir atburðir hafa gerzt, eða þá í tengslum við skyggnt eða á annan hátt ófreskt fólk á heimilum þeirra eða vina þeirra. Ég varð þess vegna ekki lítið undrandi, er ég las eftirfarandi frásögn í sérstöku flugbréfi, sem sent er atvinnuflugmönnum víða um jörð. Ég vil taka það fram, að í þessum bréfum, sem heita „Flight-Safety“, „Öryggi í flugi“, er sífellt verið að skýra frá atvikum og uppgötvunum, sem miða að því að auka öryggi flugsins. Þessi bréf eru eins gersneydd öllum

hugleiðingum um fyrirburði eða dulræn atvik og frekast er unnt að hugsa sér. En sumarið 1974 birtist þessi vægast sagt furðulega grein í „Flight-Safety“.

„Í heimi nútímamannsins virðast oft gerast undarleg atvik, sem sumir myndu kalla nokkurs konar undantekningartilfalli, ættuð utan jarðarinnar eða þá óþekkt og ókunn jarðnesk fyrirbæri. Nýlega var athygli okkar vakin vegna slíks fyrirbæris, sem þótti það áreiðanlegt að þess var getið í „dagbók“ (Log-book) breiðþotu hjá flugfélagi nokkru. „Flight-Safety“ lætur þessa frásögn ganga hér áfram í þeirri von að aðrar flugáhafnir láti til sín heyra um málið. Svo kann að virðast að atburður þessi komi flugöryggi lítið við — og þó. Alla vega hér er skýrslan. Ein af flugfreyjunum um borð í þessari sérstöku breiðþotu var stödd niðri í eldhúsrými vélarinnar við störf sín. Varð henni lítið inn um glerið á einum af ofnum þeim er málsverður farþeganna eru hitaðir í. Og þarna — beint fyrir framan hana (eða var það spegilmynd?), blasti við henni andlit flugvélstjóra þess, sem lét lífið í flugslysinu við Everglades, þegar ein af breiðþotum þessa félags fórst þar nokkrum mánuðum áður. Hann hafði verið niðri að athuga hvort nefhjól vélarinnar væri niðri og læst, þegar jumbóinn plægði sig ofan í mýrina. Furðu- og óttaslegin flugfreyjan flýtti sér upp í farþegarýmið og bað aðra flugfreyju að fara niður í sinn stað. Hún gerði það og staðfesti það sem fyrri stúlkan hafði séð. Síðan báðu þær flugvélstjóra þotunnar að fara og athuga þetta. Hann gerði það og ekki aðeins sá, heldur talaði við sýnina eða svipinn eða hvað á að kalla þetta, sem sagði: „Verið á verði gagnvart eldi í þessari vél“. Stuttu seinna, er þessi sérstaka vél no. 318 var stödd á flugvællinum í Mexico-borg, kom upp bilun í einum af þrem hreyflum vélarinnar. Áhöfnin óskaði eftir að fá að ferju-fljúga vélinni á tveimur hreyflum til aðalstöðva flugfélagsins og fá þar skipt um mótör. Strax eftir flugtak frá velli þessum, sem er mjög hátt yfir sjó eða í um 3 km hæð, kviknaði í öðrum af þeim tveimur hreyflum sem í lagi voru. Nauðsynlegt var að drepa á hreyflinum og var það gert. Einungis vegna næstum óskiljanlegrar hæfni áhafnarinnar tókst að fljúga vélinni hringinn á einum hreyfli og lenda aftur heilu og höldnu, þó náði vélin aldrei meiri hæð en 400 fetum yfir jörð.

Við segjum — „næstum óskiljanlegrar“ hæfni vegna þess að það tókst en kannski var það ekki „einungis“ þess vegna: Hvað haldið þér — hafið þið heyrt þessa sögu áður? Okkur skilst að



hún sé alls ekki ókunn og sé reyndar eitt helzta umræðuefni fjölda atvinnuflugmanna um víða veröld hjá hinum ýmsu flugfélögum. Hvað álfítið þér?“ . . . . . Næstu kynni mín af sögu þessari voru þau, að snemma í vor var ég staddur á Miami í Florida, en þangað eru flugmenn Flugfélags Íslands sendir tvisvar á ári til endurbjálfunar, og fór þá sem oftast í sérstaka bókaverzlun þar á staðnum. Sá ég þar bók, þykka og innbundna, sem hét „Draugurinn um borð í flugi nr. 401“. Bókin lá þarna framan við kassann í miklu upplagi, en þar eru aðeins mest seldu bækurnar hafðar. Enda staðfesti sölumaður það, er ég spurði. Um leið og ég fletti henni, sá ég að um sama atburð var að ræða og greint var frá í flugbréfinu frá 1974. Höfundurinn heitir John G. Fuller og er þekktur rithöfundur, sem ritað hefir bækur um vísindaleg efni eins og t. d. kjarnorkuna og viðsjár hennar. Slysíð sem sagt er frá, átti sér stað þarna á Miami rétt utan við völlinn sem við lendum á í hvert sinn er við förum þangað, þótti mér það áhrifamikíð.

Þarna á bókinni er skýrt frá, svo að ekki verður véfengt, fullburða líkamningum og svo svípum og einnig þeim einkennum sem fylgja myndun svipa eins og t. d. að kólni óeðlilega í herbergi og að fólk verði gripíð óskiljanlegum ótta. Og allt gerðist þetta um borð í systurþotu vélarinnar sem fórst. Höfundur, sem var afar vantrúaður í fyrstu, viðurkennir að könnun hans á þessu stórmerkilega máli öllu, hafi gerbreytt lífsviðhorfum sínum. Maður, sem hafði látið sér nægja það sem raunvísindi nútímans sögðu um eðli heimsins, sannfærðist um að miklu meira en það væri á bak við tilveruna. Hann uppgötvaði það, sem honum hafði þótt mjög svo ótrúlegt, að jafnvel í röðum atvinnuflugmanna hjá umræddu flugfélagi, fundust miðlar, sem störfuðu reglulega sem slíkir, og það var einmitt á einum eða tveimur slíkum miðilsfundum, sem hann fékk svo sannfærandi sönnun, að hann að endingu féllst á, að hinir framliðnu óhamingjusömu flugáhafnar-menn voru raunverulegir.

Það var síðla kvölds 29. des. 1972, að breiðþota, ein af þeim fyrstu sem teknar voru í notkun, svonefnd Tri-Star, í eigu bandaríska flugfélagsins Eastern, kom yfir flugvöllinn á Miami í Florida, og bjó sig undir lendingu. Áhöfn vélarinnar var afar vel samvalin. Flugstjórinn, aðstoðarflugmaður og flugvélstjóri voru allir þaulreyndir í starfi og áttu það sameiginlegt með þeim tíu flugfreyjum, sem með þeim störfuðu, að hreint og beint elska þessa dásamlegu flugvél. Tilfinning sem farþegar þeir er mikið ferðast kannast

fljótlega við. Sérstaklega var flugvélstjórinn hrifinn af vélinni. Hún tók öllu fram, er hann hafði áður kynnst í sambandi við flug og flugvélar. Áhöfnin var vissulega stolt af hinni nýju, rúm-góðu og aflmiklu breiðþotu.

Rétt fyrir landingu á Miami kom í ljós, að nefhjólin sýndu ekki ótvírætt að þau væru niðri og læst. Sérstök ljós sýna stöðu hjólanna. Ef ekki kemur grænt ljós í mælaborðinu er ekki unnt að vera alveg viss um að þau séu niðri og læst, enda þótt langoftast sé aðeins um að ræða bilun í rafkerfinu. Ekki var um annað að ræða en hætta við landingu og fljúga annan umferðarhring. Hjólin voru tekin upp og sett niður aftur en allt kom fyrir ekki, rautt ljós logaði í stað græns fyrir nefhjól vélarinnar. Flugstjórinn ákvað nú að fljúga í víðan hring út yfir hina gríðarlega víðáttumiklu fenjafláka er nefnast Everglades, á meðan verið væri að athuga þetta. Sjálfvirk tæki, svokallaður Auto-pilot var settur á og sá hann um að halda vélinni í 2000 feta hæð í láréttu flugi. Nú var tekið til við að athuga málið. Illa gekk að skipta um peruna og sendi flugstjórinn vélstjóran niður í nefhús vélarinnar til að lýsa út á nefhjólin og sjá með því móti hvort þau væru örugglega í læstri stöðu. Meðan á þessu gekk voru báðir flugmennirnir að bíta við að losa peruna úr mælaborðinu. Fjárans peran sat föst af einhverjum ástæðum og skyndilega, án þess að nokkuð bæri á rak annar flugmaðurinn hnéð í stýrisstöngina sín megin. Ekkert sérstakt skeði nema það, að auto-pilotinn rofnaði úr sambandi án þess að sérstakt aðvörunkerfi, sem sýna átti slíkt, virkaði. Hægt og rólega fór vélin að síga niður. Sá, sem flogið hefir út yfir Everglades fenin út af Miami, veit að þar út frá sést ekki nokkur ljósglæta á nóttunni. Ekkert, sem gefið gæti til kynna hæðina yfir jörð, allt er kolsvart. Engin leið er fyrir neinn um borð að segja hvort vélin er í 10000 feta hæð yfir jörð eða 100 feta. Nema að líta á hæðarmælana og ef enginn gerði það, þá var sem sagt ekkert úti, niðri á jörðunni, enginn sjóndeildarhringur eða ljós, sem sýndu strax hæðar- eða afstöðubreytingu.

Vélin seig niður þessi 2000 fet á svona 3 mínútum, án þess að nokkur tæki eftir (það eru einmitt svona samverkandi mörg smáatvik og ólíklegar bilanir sem næstum ávallt eru undanfari flugslysa). Vélin plægði fenin og rifnaði í sundur með braki og brestum, en svo ótrúlega tókst til að ekki kviknaði í henni og þess vegna björguðust 77 manns af þeim 176 sem um borð voru. Aðstoðarflugmaðurinn dó strax, flugstjórinn skömmu seinna en

vélstjórinn lifði af að komast á sjúkrahús mjög slasaður, en dó svo skömmu seinna. Segir ekki þá sögu lengri.

Prem mánuðum síðar tóku að gerast fyrirbæri um borð í systurvél þeirrar er fórst, er áttu eftir að vekja feiknaathygli meðal flugáhafna um gjörvalla jörðina. Mun ég nú segja stuttlega frá þrem tilfellum, en þau voru margfalt fleiri, stundum á hverjum degi í nokkra daga í röð og samfellt stóð þetta yfir hátt á annað ár.

Í marzbyrjun árið 1973 var ein af flugfreyjunum um borð í Tri-Star vél Eastern flugfélagsins á leið frá New York til Fort Lauderdale. Er hún var stödd niðri í eldhúsi vélarinnar fékk hún það skyndilega á tilfinninguna að hún væri ekki ein. Ágerðist þessi tilfinning svo mjög, að þrátt fyrir að hún segði við sjálfa sig hvers konar heimska þetta væri eiginlega, endaði það með því að hún flýði upp á farþegadekk í litlu lyftunni, sem gengur þar á milli. Skömmu síðar fór vinkana hennar einnig niður í eldhúsið og varð hún þá strax yfirkomin af sömu tilfinningu og einnig fylgdi með óskýranlegur ískuldi sem ekki stóðst neinn raunveruleika um það, sem þarna á að vera. Flýði hún einnig upp á dekk. Ekki sáu þær þó neitt í þetta skipti.

Nokkrum vikum seinna var önnur þessara stúlkna aftur á ferð í sömu vélinni og þá á leið frá New York til Miami, sömu leiðinni og feigðarflugði í desember árið áður. Er hún stóð við lyftuna á leið upp úr eldhúsinu sá hún skyndilega, út undan sér rykkennt mistur rétt ofan við dyr, sem lágu úr eldhúsinu inn í klefa þar sem unnt var að komast að rafkerfi vélarinnar. Undrandi fór hún að athuga þetta nánar og datt þegar í hug, að um rakamyndun væri að ræða. Hún gekk þó fljótlega úr skugga um að svo gat ekki verið. Þetta var hvorki rakapétting, gufa eða reykur. Hún vissi það með sjálfri sér. Nú var þetta orðið á stærð við greipaldin og alltaf að vaxa og stækka. Og svo var þetta líka alltaf á sífelldu iði, mjög einkennilegu. Nú var það orðið á stærð við körfubolta og enn stækkaði það. Stúlkann stóð og starði á undrið stjörf af skelfingu. Hún hugsaði, nú loka ég augunum og þá hverfur þetta. Hana langaði til að horfa á það og ekki að horfa á það. Loks leit hún upp. Það var alls enginn vafi lengur. Fyrirbærið var greinilega að breytast í andlit, hálfefniskennt og hálf loftkennt. Stúlkann þrýsti á hnappinn við lyftuna viti sínu fjær af skelfingu, en lyftan kom ekki strax, eitthvað tafði. Loks kom hún og um leið og stúlkann stökk inn í lyftuna leit hún enn einu sinni á hina dularfullu ummyndun. Hún sá greinilegt mannsandlit. Dökkt

hárið, grátt í vöngum, og með gleraugu í stálumgjörð. Þetta var fullmótað þriggja vídda höfuð á manni með gleraugu. Andlit, sem hún myndi aldrei gleyma. Seinna fékk hún að sjá mynd af hinni ólánssömu áhöfn, sem áður er sagt frá og þekkti þá samstundis flugvélstjórnann á myndinni. Það var sama andlitid.

Um það bil mánuði seinna var þessi sama vél stödd á flugvellinum í Newark nýkomin frá Miami. Nokkrir flugáhafnarmenn voru í áköfum samræðum um atvik, sem hefði gerzt um borð í vélinni fyrr um daginn, sem var í líkingu við það er flugfreyjan sá líkamninginn. Viðdvölin á flugvellinum í Newark var stutt og nú skyldi aftur haldið til Miami. Flugstjórinn var seztur í sæti sitt, aðstoðarflugmaðurinn hafði nýlokið við að athuga vélna fyrir brottför. Yfirflugfreyjan um borð var nýbúin að fara yfir farþegalistann og sá við talningu að einum farþega var ofaukið. Hún var ekki lengi að finna út misræmið. Í einu af fremstu sætum á fyrsta farrými sat flugstjóri frá Eastern í einkennisklæðum. Hún spurði hann nú hvort hann ætlaði að sitja í til Miami, en flugstjórinn svaraði engu en starði fram fyrir sig. Og enn ávarpaði hún hann en fékk ekkert svar. Þá snéri hún sér að starfsystur sinni sem stóð rétt hjá, en hún skildi ekkert í þessu. Fóru þær nú fram í stjórnklefann og skýrðu flugstjóranum frá þessu. Hann varð undrandi, stóð upp og fór aftur í. Er hann hallaði sér að hinum einkennisklædda kollega sínum í sætinu, stirðnaði hann allt í einu upp og hrópaði: „Hvað? — þetta er hann Loft flugstjóri!“ Allt þetta hafði vakið athygli farþega sem sátu í sætum sínum í kring og horfðu þeir undrandi á þetta. Og þá — skyndilega, og alveg óskiljanlega, hvarf flugstjórinn í sætinu. Hann hvarf bara allt í einu beint fyrir framan augun á furðulostnu fólkinu. Það varð margra tíma seinkun á fluginu. Nákvæm leit fór fram, en engin skýring fékkst. Það þarf varla að taka fram að flugstjórinn sem fórst við Everglades hét Loft.

Læt ég nú þessari frásögn lokið og segi aðeins það, að úr því að fullmyndaðir líkamningar geta myndazt, öllum sýnilegir, jafn skyggnum sem óskyggnum, á jafn ólíklegum stað og í nútíma farþegaþotu um hábjartan dag, þá held ég að ekki sé ástæða til að örvænta um svipaðan árangur hér á meðal okkar.

Ég vil svo að endingu láta þess getið, að ástæða þess að hinum óhamingjusömu flugmönnum tókst að gera svo rækilega og alveg með ólíkindum vart við sig, tel ég vera þá, hvað þeim sárnaði óskaplega, að þetta slys skyldi geta hent þá í þessari vél, sem

þeir dáðu svo innilega og treystu svo vel. Það er eins og þeir vildu reyna að bæta fyrir þetta með þeirri einu aðferð, sem væri nægilega sannfærandi.

*Kjartan Norðdabl.*

**M Y R —**

### **Spakmæli og sannyrði frá liðinni tíð.**

Gakktu með sjónum, sé þér langt;  
sittu við eldinn, sé þér krankt.

---

Ef að þín er hyggjan hrelld,  
hlýddu mínum orðum:  
Gakktu með sjó og sittu við eld;  
svo gerði ég forðum.

---

„Þegar lundin þín er hrelld,  
þessum hlýddu orðum:  
Gakktu með sjó og sittu við eld,“  
svo kvað völvan forðum.

---

Eigi leyna augu,  
ef ann kona manni.

---

Vitið er verðinu betra,  
valla hafa það allir.

---

Silfurkerin sökkva í sjó,  
en soðbollarnir fljóta.

---

Einn veldur,  
annar geldur.

---

Sjaldan geispar einn, þegar tveir eru,  
nema feigur sé  
eða fátt á milli.

## BURÐUR MEÐAL GUÐA

Eitt hið allra íhugunarverðasta í ríki hinnar lifandi náttúru þykir mér það, hvernig nýr maður verður til eða dýr, og er það af sérstakri ástæðu, að ég enn fer að rekja skilning minn á því. Mér þykir sem í ríki lífsins megi líta á samverkan hinna tveggja gagnstæðna karl- og kveneðlis sem framhald af samverkan miðflótta og aðdráttarafls í heimi stjarnanna. En þar er samverkan þeirra gagnstæðna slík, að án hennar væri þar ekki um neitt að ræða. Og eins virðist mér að segja megi um samverkan nefndra gagnstæðna í heimi lífsins, og er þar eitt, þegar karl og kvenfruma sameinast með þeim árangri, að til verður maður eða dýr. Skilst mér, að sá gagnstæðnasamruni veiti alveg sérstök skilyrði fyrir aðstreymi utanaðkomins lífmagns, og að það valdi kviknuninni. „Hver vill bjarga lífi sínu, mun týna því,“ er haft eftir hinum goðmáluga Jesú frá Nazaret, og er það skylt því, sem Nietzsche boðaði varðandi framkomu ofurmennisins. Að gefa til fulls og sjást ekki fyrir, skilst mér, að hann hafi hugsað sér sem skilyrði fyrir framkomu þess. Og hér á sér þetta raunverulega stað. Tvær frumur gagnstæðs eðlis hætta að varðveita sig, en gefa sig í þess stað hvor annarri til fulls, fyrirfara sér af ást til gagnstæðings síns með þeim árangri, sem að framan greinir. Og hvað það er, sem svo ræður mótun og gerð hins nýja fjölfrumungs, manns eða dýrs, þykir mér sem liggi ljóst fyrir. Það er saga tegundarinnar frá einfrumungi til foreldris hins nýja fjölfrumungs, sem það gerir, ættminningarnar, sem ég svo hefi nefnt, og er óhjákvæmilegt að ætla, að skráðar séu með einhverjum hætti í erfðastofna kynfrumanna. Er það magnanin, sem verður af sameiningu gagnstæðnanna, sem vekur þær minningar og gerir virkar, og er aðgætandi í þessu sambandi, að andlegt flug er jafnan strengleikur minninga, sem vaknar upp fyrir aðstreymi vitmagns. Ég er skapandi aðeins þegar ég minnist, varð mér einu sinni að orði. Og hvort á sér nú ekki stað eitthvað líkt þessu, þegar risið er upp úr þeirri öldulægð, sem dauði einstaklingsins er? Ég heyrði nýlega af miðilsmunni sagt, að við framlífsvöknun eigi sér stað mjög hröð upprifjun alls þess, sem framlifandinn hefði lifað, en fyrir löngu hafði ég á sama hátt heyrt sagt, að slík upprifjan væri dómurinn, sem hvers eins biði. Þykir mér líklegt, að þessi upprifjan æviatriðanna komi þá sem framhald af ómeðvitaðri upprifjan þróunar-sögunnar eða ættminninganna, og að hvorttveggja ráði svo fram-

lífsgerð einstaklingsins, og skal nú loks víkja að ástæðunni til þess, að ég hér enn einu sinni fór að segja frá þessum skilningi mínum á lífnun einstaklingsins.

Í Nýal dr. Helga Pjeturss, Sögu ástarinnar segir af ástarsamförum hinna dýrðlegu á þessa leið: „Guð og gyðja nálgast hvort annað í ást, skínandi ennþá fegur en áður — því að það er hið æðsta eðli fullkonnunarinnar, að geta altaf aukist. Þó að fögur samstilling væri fyrir, þá verður hún þó nú ennþá fegurri, og hin guðlega gleði, hið guðlega lífsafl, komst á ennþá hærra stig en áður. Og sjá! Hið þriðja er þar, vera sem er af báðum hinum guðlegu elskendum, fullkomin á sömu svipstund og hún verður til. Þar er enginn meðgöngutími, engin aflögun á hinum óumræðilega fagra líkama gyðjunnar, engin erfið fæðing, aðeins aukning hins guðlega lífsafls fyrir fullkonnari samstillingu en áður.“

Það, að ekki verði nema einu sinni vaxið fram af fóstri, hafði ég út frá því, sem hér á undan var rakið, réttilega gert mér ljóst, og þannig séð fram á fullkomin ómöguleika þess, að endurburður geti átt sér stað. Og vegna þess, hve mikilsvert mér mun hafa þótt að geta þannig hrundið slæmum en talsvert ríkjandi mis-skilningi, hafði ég bundið mig um of við þann skilning, að nýir einstaklingar verði ekki til án þess að vaxa fram af fóstri á þann hátt, sem þekkt er hér á jörðu. Var það af þessu, að mér þótti sem skyndilíkömun ætti sér aðeins stað í endurrísi frá því að hafa lifað áður, endurrísi á framlífsstað. En nú fellst ég á, að svo þurfi ekki endilega að vera, og er það fyrir tilstilli annars manns, sem ég átti tal við nýlega. Og það er ekki einungis, að ég geti nú fallist þar á. Ég finn það nú, sem ég hafði ekki látið mér finnast áður, hve miklu skemmtilegra er að hugsa sér, að árangur guðlegrar ástarsamfara sé nýr guð af báðum hinum guðlegu elskendum kominn, heldur en ef hann væri einhver framlifandi, hversu ágætur sem hann þó væri. Og er nú ekki alveg sjálfsagt að gera ráð fyrir því, þótt á annan veg reynist löngum hér á jörðu, að í ríki guða og gyðja sé raunveruleikinn ævinlega hið skemmtilegasta. En mun það þá ekki í öllum grundvallaratriðum vera hið sama sem gerist, þegar nýir einstaklingar verða til meðal guða og manna? Mér þykir líklegast, að einnig meðal guða verði þá upprifjan ættminninga ásamt samskonar fyrirfara og hér. Aðeins mun vera sá munur, að annarsveggar er þróunarferillinn rifjaður upp frá einfrumungi til guðs, en hinsveggar einungis til manns, og mætti þá einnig hugsa sér þann mun, að guðinn og gyðjan gefi sig hvort

öðru í líkingu við það, sem hinar tvær kynfrumur gera við kviknun manns. Ofurást mun eiga sér stað því meir, sem ofar er komið, og sú sjálfgleymi, sem henni er samfara. Mun það ekki einnig meðal guða vera hin æðsta hamingja að gleyma sjálfum sér, þó að slíkt geti jafnt hjá guðum og mönnum aldrei orðið til annars en að bæta við nýjum strengjum á minningahörpu þeirra. Leiðin fram er sú, að sagan bæti æ við sig, en það getur hún ekki gert án þess, að hver einn þáttur hennar vari.

*Í sept. '77,*

*Þorsteinn Jónsson á Úlfsstöðum.*

## **Spakmæli úr ljóðum Steingríms Thorsteinssonar**

Þín leitar sjón mín um stjarnanna boga,  
hvar má ég finna þig, heilaga vera?

---

Stríð er þitt stundarheims líf,  
ef stríðsmaður ert þú hins góða.

---

Hvað stoðar að tárast? Í þungri ber þraut  
að þola og stríða.

---

Járnið skaltu hamra heitt,  
að hika er sama og tapa.

---

Hve þögul er nóttin með þúshundruð loga,  
þín leitar sjón mín um stjarnanna boga.

---

Hálft er munað, hálft er gleymt  
hér í jarðarskræðum,  
allt er munað, allt er geymt  
í alvítundar hæðum .



## NÝALL Í LUNDÚNABORG

Þó að ég segi sjálfur frá, held ég að það verði að teljast til tíðinda, að nú hefur tekizt, á fjölmönnum fundi höldnum í heimsborginni London, að segja frá draumakenningu dr. Helga Þjeturss, og öðrum þáttum heimspeki hans, og að þetta var gert á þann hátt, að til umræðna kom um þá kenningu. Líklega er þetta í fyrsta sinn, sem slíkt hefur gerzt á vísindafingi. Það eru nú um 62—63 ár síðan þessi kenning var fyrst fram sett, í ritgerðinni *Á annari stjörnu*, og 56 ár síðan hún lá fyrir fullbúin í ritgerðinni *Önnur uppgötvanasaga* og 51 ár síðan fyrst birtist um hana ritgerð á ensku máli. Ef allt hefði nú gengið með *skaplegu* seinnlæti, eða eðlilega seint ef svo mætti segja, þá hefði draumakenningin átt að vinna á jafnt og þétt á þriðja og fjórða áratug aldarinnar, unz árangurinn af þeirri framsókn hefði farið að koma í ljós með bættum lífsamböndum, enda hefði þá engin styrjöld orðið. En þess í stað hefur orðið að bíða í sex áratugi, án þess að nokkuð ynnist á um viðurkenningu og er nú komið á hinn sjöunda, enda ætti nú að fara að verða kominn tími til að þessi kenning yrði athuguð og borin saman við aðrar og ályktanir dregnar af þeim samanburði. Meira er það nú ekki sem farið er fram á.

Þegar mér barst boðið um að taka sem ræðumaður þátt í ráðstefnu *Institute of Parascience* um eðlisfræði og fjarhrif, sem halda átti í Lundúnum 2.—4. sept. sl. — en það var auðvitað út af bók minni *Astrobiology*, sem mér var boðið — þá fór ég að hugleiða, hvernig ég ætti að halda á málinu. Mér kom vissulega ekki annað til hugar en að taka boðinu. Ég var staðráðinn að láta ekkert draga úr mér að reyna þetta, hvernig svo sem til tækist. En þar sem heimspeki Nýals er jafn fjölþætt og kemur víða við og raun ber vitni, var mér sá vandi á höndum að semja erindi, sem væri ekki lengra en svo sem 25 mínútur, og reyna þó að gera þeim þætti nokkur skil, sem ég talaði um. Átti ég að tala um lífgeislan og Kirlian myndirnar? Slíkt gat legið beint við á eðlisfræðiráðstefnu. Átti ég að tala um framlífsfræði eða um líkamninga og flugdiska eða almennt um samband við íbúa annarra stjarna eftir því sem tíðkast. Ég tók þann kostinn að tala um draumakenninguna, og sá ég, þegar á reyndi, að þar hafði ég valið alveg rétt.

Mig langar til að reyna að skýra það með fáeinum orðum hvað felst í því að haldnar eru ráðstefnur um fyrirburðafraeði, og

fengnir þangað ráðamenn víða að. Auðvitað eru ráðstefnur tíðari nú á dögum en nokkru sinni fyrr, en þetta, að haldnar eru fyrirburðafræðiráðstefnur á sér nokkuð sérstakan aðdraganda. Fyrir tíu til tólf árum voru þær nærri óþekktar og bar lítið á þeim. Um 1970 greiddist mjög um fyrir fyrirburðafræðinni víða um lönd og hún gat farið að bera höfuðið hærra en áður hafði verið. Heimshreyfingin er í átt til vaxandi viðurkenningar á þessum fræðum, það er að segja þeirra sjálf sögðu sanninda, að hlutir eins og fjarhrif eigi sér stað — en nokkuð er það skrykkjótt, hvernig þessi framför gengur, og svo skildist mér á þessari ráðstefnu, sem mótbyr væri nokkur sem stendur í blöðum og öðrum fjölmiðlum á Vesturlöndum. Ekki var þó neinn bilbug að sjá á ráðstefnumönnum og hygg ég, að hún hafi orðið með fullri reisn. En eins og ég sagði fóru menn að halda ráðstefnur um þessi mál tíðara en áður um og upp úr 1970 og er mér kunnugt um að minnsta kosti fjórar, sem haldnar eru ár eftir ár og ein þeirra er þessi enska ráðstefna, sem Institute of Parascience heldur.

Þegar ráðstefnan hófst að morgni föstudagsins 2. sept. í „Imperial College of Science and Technology“ („háskóla heimsveldisins í vísindum og tæknifræðum“) fyrir sunnan Hyde Park í Lundúnum, var ég þar meðal þátttakenda, með brúna tösku í hendinni og tilbúið erindi í öðru hólfinu en enska framburðarorðabók í hinu, sem ég hafði satt að segja flett nokkuð oft upp í vikurnar á undan. Ég átti nú reyndar ekki að tala fyrr en á sunnudaginn, en þegar ég fór að hlusta á hina víðkunnu menn, sem þarna komu upp á ræðupallinn hver af öðrum, Nóbelsverðlaunamenn, prófessorar og fræðingar í virtustu greinum, þá varð mér það vissulega enn betur ljóst en áður, hvað það hafði verið óvarlegt af mér að hætta mér þarna fram. Þegar verið var að tala um kvantaeðlisfræði og hástærðfræðileg lög, sagði kona sem sat við hliðina á mér, hreinskilnislega: „Ég skil ekkert af því sem ræðumaðurinn segir, en ég sæk þessa fundi aðeins af því að ég hef áhuga á svona málum“. Ég svaraði henni þannig, að sama mætti nú að vísu segja um mig, en þó sagðist ég reyna að fylgja þræðinum í framsetningunni hjá þessum ræðumanni og öðrum, og virtist mér þá oftast, þegar fram í sækti, að ræðumaður kæmist smámsaman í námunda við almenn efni, sem hver maður hefði áhuga á. Þetta svar líkaði konunni vel, og viðurkenndi, að hafa einnig tekið eftir þessu. En sannleikurinn var sá, að þrátt fyrir hinn mikla lærdóm fræðimannanna og þrátt fyrir vanmætti mitt í þeim efnum, var

ég ekkert sérlega kvíðinn því að flytja mitt erindi. En ég taldi mér skylt að vera þarna í fyrstu eins og dyggur og námfús ungl-ingur, þangað til kæmi að mínum þætti. Ég ætlaði mér að komast í samstillingu við ráðstefnufólkið — sem var ýmist um eða yfir eitt hundrað talsins, og til þess notaði ég tímann tvo fyrstu dagana. Ég tók mér gjarnan sæti á öftustu bekkjum til þess að eiga betra með að virða allt fyrir mér í kyrrð og afskiptaleysi.

Ég hafði dálitla ánægju af því að virða fyrir mér ráðstefnufólkið, og kom mér það skemmtilega á óvart að sjá að þetta var nær allt saman hvítt fólk, eða með öðrum orðum allir nema einn sem var bandarískur Kínverji, og varð hann nú reyndar fljótt einn af mestu málkunningjum mínum þarna. Hann sat á aftasta bekk eins og ég, og sýndist mér hann gefa sér góðan tíma til að fylgjast með öðrum, án þess að hafa sig í frammi. Við vorum undireins farnir að tala saman, og fann ég að hann var skarpgreindur maður, en býsna neikvæður og gagnrýninn. Ég fann að hann mat fyrirburðafræðina heldur lítils, þó að hann stundaði hana, og að hann hafði engan áhuga á framgangi hennar á opinberum vettvangi. Rök hans voru þau, að niðurstöður um þessi mál yrðu aldrei þess megnugar að veita mönnum hjálp í nauð að neinu marki — en það gætu aftur á móti tíbezkir lamamunkar gert og aðrir slíkir sem ekki færu vísindaleiðina. Það var einmitt þetta sem ég var að leita eftir hjá honum, hvar hann setti traust sitt. Það var hjá munkunum en ekki hjá vísindunum, enda þótt hann stundaði þau sjálfur. En þetta er einmitt ein hin djúprættasta og skaðlegasta skoðun á þessari jörð, að framfarir í hugsun séu lítils virði. Og það er ekki hægt að ganga fram hjá því að norrænir vísindafrömuðir eru meðal þeirra sem djarfast hafa sótt fram gegn þessari villu, í átt til andlegs frelsis, þó að hinu verði ekki heldur neitað, að þeir hafa ekki átt þeim undirtektum að fagna sem andi þeirra hefði verðskuldað.

Kínverjinn var oft að gera gys að bandarískum prófessor, ljóshærðum og sakleysilegum og ástúðlegum, sem trúði á framfarir og blessun þeirra — taldi hann yfirborðsmann, og reyndi að fá mig til að samþykkja það. En ég tregaðist við og sagði að á yfirborðinu væru líka hlutir, sem væru nokkurs verðir.

Frá Kínverjanum sný ég mér að gyðingnum, ég held þeim eina sem ég sá þarna, dr. Brian Josephson frá Cambridge, en hann hélt eitt aðalerindi ráðstefnunnar, og er reyndar prófessor í eðlisfræði og nóbelsverðlaunamaður. Síðar á ráðstefnunni varð hann reyndar

einn aðalandmælandinn að mínu erindi eins og ég kem að í sambandi við það, og þó á engan hátt ókurteislega eða óheildarlega. En í erindi sínu talaði hann ekki eiginlega um fyrirburðafræði, heldur um samband eðlisfræðinnar við hið óumdeilanlega. En með því orði skildist mér undireins vera átt við guð, enda kom það betur í ljós þegar á leið erindið. Þegar boðið var upp á umræður um þetta erindi fannst mér í fyrsta sinni á þessari ráðstefnu, að tækifæri væri að skapast til að koma hinni íslenzku heimsfræði á framfæri. Spurningarnar brunnu á vörum mér, en ég áráddi ekki að bera þær fram, vegna þess að ef mér mistækist bjóst ég við að mér yrði erfiðara að flytja sjálft erindið á eftir. Ég bætti þó nokkuð úr þessu með því að spyrja dr. Jósephson að því í kaffitímanum — hann var alltaf að koma eins og upp í flasið á mér — um það sem mér þótti mestu varða, en það var hvort hann liti á guð sem líkamlega veru. Ýmsir þræðir í erindi hans höfðu bent til þess, því að eðlisfræðin var undirstaðan, en ekki lá þetta ljóst fyrir. Ég spurði hann eftir þessu með orðinu organism, sem þýðir lífvera, en hann spurði þá hvort ég ætti við organisation, sem þýðir skipulag, og átti hann þar sennilega við skipulag sem væri eingöngu andlegt. „Nei, organism“, sagði ég, „því þú talaðir um þetta óumdeilanlega sem eigandi þátt í mannlíkömum og hugsun manna og öllu sem er, og áttu þá við að það eigi einnig sinn líkama og form þar sem það er?“ „Það hef ég ekki hugmynd um“, svaraði þessi Nóbelsverðlaunamaður hálfvandræðalega, og féll svo það tal niður.

Ég var búinn að minnast á að eitthvað hefði þessi ráðstefna mætt andbyr í brezku blöðunum í byrjun, og var því þýðingarmikið að fram kæmi eitthvað verulegt sem áréttaði það að fyrirburðafræðingar væru að fást við raunverulega hluti. Hvað það snerti hefur ófað munað mest um framlag Þjóðverjanna sem þarna komu fram. Engum getur dulizt að um fyrirburði er að ræða þegar sýnd er glögg kvikmynd af manni sem lætur hnífa og skeiðar bráðna eins og vax um miðjuna með því einu að strjúka þá létt með gómnum. Ég spurði mann sem gekk framhjá mér, Peter Marchet, um leið og sýningunni var að ljúka: „Trúir þú þessu?“ „Já, því skyldi ég ekki trúa því“, sagði hann, „þetta liggur ljóst fyrir, eða eitthvað í þessa átt“. Þýzki hópurinn var að sjálfsögðu mjög vel skipulagður: fyrst kom kvanteðlisfræðingur og gerði grein fyrir því að fyrirbærin væru hugsanleg frá eðlisfræðisjónarmiði, því næst kom kvikmyndarinn og fyrirbæraleitar-

inn Eberhard Bauer og sýndi myndirnar, því næst kom maður sem veitti nánari upplýsingar um myndirnar og tengdi þær við skýringar, og loks kom fararstjórinn, Bandaríkjamaður, fram og lét í ljós almennt álit sitt með tilliti til vísinda og allra hluta. Það var hann sem réði mestu í hópnum.

Ég ætla nú ekki að lengja meira þessa frásögn af fundunum í heild. Þó er þess að geta að miðilsfundur var haldinn með frú Agnesi Porter á laugardagskvöldið, og var ég þar, og undireins var hann kominn upp að hliðinni á mér, Kínverjinn, sem ég minntist á. „Svo þú ætlar að vera með“, sagði ég glettnislega. „Vera með? ja, ég sit hérna“, sagði hann. Þetta er dálítið til marks um, að hið neikvæða hugarfar hans snerist ekki aðeins gegn framfarahugsjóninni og vísindum, heldur einnig gegn miðlum, og virðist mér að glögg skoðun á þessu mætti verða til þess að auka virðingu fyrir miðilsgáfunni. — Ég get nú að vísu ekki gert mikið úr fundi frú Porter, en þó var greinilegt að hún breyttist töluvert mikið eftir því hver talaði í gegnum hana, og einusinni líktist hún mjög gamallegum manni, sem kom því með erfiðismunum fram, að trú og vísindi mundu innan skamms verða ásátt um stefnuna eða þá leið sem fara skyldi. — Eftir fundinn spurði frú Porter hvað fólki hefði fundizt, og varð ég fyrstur til að styðja hana með því — að segja frá því að ég hefði fundið rafmagnsáhrif. Þá fóru aðrir að segja frá sínum áhrifum, og greiddi þetta líklega heldur fyrir frú Porter.

Ég hverf nú frá því að tala um ráðstefnuna í heild, og sný mér að mínum þætti. Á sunnudagsmorgun hlustaði ég á langt erindi manns, sem er hátt settur í samgöngukerfinu í Bretlandi. Fremur var þetta góðmannlegur maður, en ekki fannst mér framsetning hans fjörleg. Þegar ég var á eftir beðinn að segja í stuttu máli frá því í mínum hópi, hvað erindið hefði verið um, sagði ég að þessi maður væri orðinn svo vanur að hugsa um samgöngukerfið og alla anga þess, að hann gæti jafnvel ekki hugsað sér guð öðruvísi en sem kerfi. Erindið hefði gengið út á það að gera guð kerfisbundinn. Fleiri töluðu þarna um morguninn, þar á meðal hjónin Susanne Padfield, sem lætur hluti hreyfast og maður hennar Ted Bastin, sem er frægur eðlisfræðingur. Mér hafði verið sagt, að ég fengi að vita með góðum fyrirvara hvenær ég kæmi upp, og þessvegna kom mér það dálítið að óvörum, að ég var skyndilega tilkynntur sem ræðumaður og beðinn að ganga fram. Sem betur fór var ég með erindið í töskunni. En það var dálítið skrítið, að

þegar ég færði mig fram í miðjan sal nokkru áður, þá fann ég eins og votta fyrir andstæðum áhrifum eða því að drægi úr magni mínu. Ég hugsaði sem svo að rétt væri að vera við öllu búinn og herða sig gegn öllu slíku. Það er athyglisvert, að ég fann slík áhrif áður en athygli var á mér vakin og að þau fóru eftir því hvar ég sat.

Ég fór nú að tala og þar sem erindið hefur ekki verið þýtt verð ég að fara um það nokkrum orðum. Ég sagði að aðalerindi mitt á þessa ráðstefnu væri að segja frá heimspeki íslensks vísindamanns, dr. Helga Pjeturss og að ég væri sannfærður um að verk hans gætu haft mikla þýðingu fyrir þau fræði, sem ráðstefna þessi fjallaði um. Eins og ég sagði áðan var einn vandi minn sá að velja úr hinum ýmsu þáttum Nýalsfræða eitthvað sérstakt til að tala um. Annar vandi og ekki minni var sem hér skal greina: Ég þóttist sjá það í hendi mér að langar ræður um ágæti Helga Pjeturss sem heimspekings og útlistun á verki hans, væri ekki það sem bezt mundi henta þarna. Þegar ræðumaður kemur fram þá er spurt fyrst og fremst um það hver hann sjálfur er, hvernig hann hugsar og hvað hann hefur fram að færa, síður um hitt hvaða höfundur hann er hrifnastur af eða hefur orðið fyrir mestum áhrifum af. Slíkt getur verið gott í hófi, en má ekki vera aðalatriðið. — Og ég spurði sjálfan mig: hvað er ég? Hvað hef ég fram að færa af eigin skynsemi og starfi? Og svarið lá ljóst fyrir: Ég er draumafræðingur, ég hef gert mér mikið far um að athuga mína eigin drauma og eins frásagnir annarra, og einnig að kynna mér rannsóknir annarra fræðimanna. Ég stend þarna á eigin fótum jafnframt því, sem ég stend á þeim grunni, sem Helgi Pjeturss lagði. Ég veit um þó nokkuð marga aðra á Íslandi, sem einnig standa á þessum grunni, og það að vita af því fannst mér ekki skyggja á mig á neinn hátt, heldur vera mér styrkur og festa. Á þennan hátt gat ég sameinað það að kynna heimspeki Nýals í grundvallaratriðum og svo hitt að koma fram sjálfur í eigin persónu. Ég byrjaði á því að segja frá grundvallarmuninum á því að hugsa og sjá eða skynja og svo á hinn bóginn á því hverju það líktist að dreyma og frá því sem af þessu leiðir. og það ég menn að athuga þetta vel og gera sér grein fyrir því hvort svo væri sem ég sagði. Einn af ræðumönnum á ráðstefnunni bað mig að skrifa nafn heimspekingsins sem ég vísaði til, og skrifaði ég þá Pjeturss skýrum stöfum á töfluna og munu ýmsir hafa tekið eftir því. Ég færði mig áfram stig af stigi, og ég held að áheyrendur hafi fylgzt nokkuð vel með því sem ég sagði. Eitt var það sem

ég tók eftir og dálítið umhugsunarvert er: Ég var eðli-  
lega ekki laus við taugaóstyrk í fyrstu, því að þetta er í  
fyrsta sinn sem ég held slíka ræðu á erlendu máli. En um leið  
og ég nefndi orðið telepathy, fjarhrif, til skýringar því að um  
samband væri að ræða í draumum, þá hvarf mér allur tauga-  
óstyrkur. Það var greinilegt að skipti um við þetta orð. Og þegar  
ég sagði nokkru seinna að allir draumar væru telepatiskir, sam-  
bandseðlis, þá fann ég ekki að það mætti neinni verulegri mót-  
stöðu eða hneykslun. Það er orðið svo mikið fyrirbyggjandi af at-  
hugunum og rannsóknum sem styðja þennan skilning, að það  
getur orðið hreint og beint sigursælt að kveða upp úr um þessa  
aðalniðurstöðu. Fremur mætti segja að ég hafi skynjað einhverja  
fyrirstöðu gagnvart því að sambandið væri við aðra hnetti. En þó  
var enginn vafi á því að slíkt vakti athygli, og að frá því verður  
sagt á næstunni í hópum fyrirburðafræðinga víða um þessa jörð  
sem svo átakanlega vantar þá þekkingu sem nægir til að efla hin  
réttu sambönd.

Ég lauk erindinu með því að gera nokkurn samanburð á hinni  
íslenzku draumakenningu og hinum amerísku rannsóknum á eðli  
drauma, og hvernig þær styðja hver aðra og einnig fór ég lítillaga  
út í lífafslvæði og Kirlian myndatæknina og hvernig þær koma  
þarna til stuðnings. Á einum stað nefndi ég líf eftir dauðann, og  
mun það hafa fallið í góðan jarðveg hjá ýmsum tilheyrendum.  
Það er reyndar lögmál, sem við þekkjum vel, að því ofar sem  
dregur í virðingarstiganum hér á jörðu því erfiðara verður um  
þá miklu hugsun, að lifað er áfram. En tilgangurinn með fyrir-  
burðafræðinni er þó sá, að hún þróist í þá átt að vita þetta, og  
geta sagt það. Alveg eins og nú er orðið auðvelt og meira að segja  
magnandi að segja telepathy á fræðilegum fundi, á að vera hægt  
að segja afdráttarlaust að lifað sé áfram eftir dauðann, hvar sem  
er og hversu lærðir menn sem á hlýða. En ég tel mig hafa gert  
rétt að fara ekki nánar út í það á þessum fundi. Aðalatriðið var  
þarna að halda sér réttum fyrir gagnrýni þannig, að hvergi hallaði  
á þann málstað, sem hér er um að ræða, og er ég þá kominn að  
lokaatriðinu varðandi erindi mitt þarna, en það eru umræðurnar,  
sem urðu um það á eftir.

Ég hafði haft mestar áhyggjur af því að mér væri ekki nógu  
töm enskan til þess að geta svarað fyrir mig á því máli. Eitt er  
að semja í góðu tómi heima og lesa síðan upp, annað að svara  
fyrir sig á stundinni. En þetta fór á aðra leið en ég hugði: mér

varð aldrei orðs fátt í umræðunum og framburður minn varð þá öllu þróttmeiri en áður. Það var nógu gaman að því, hvernig þær umræður snerust. Nóbelsverðlaunamaðurinn Jósephson bar brigður á það að ekki væri hægt að sjá í huga sér sem sýn væri: Þegar ég hugsa um línurit mín og útreikninga er alveg eins og ég sjái það á blaði, ég man hvert atriði. „Það er annað að muna en sjá,“ sagði ég „og reyndu að hugsa þér basaltfjall með mörgum lögum: heldurðu, að þú getir talið þau?“ Honum varð svarafátt. Þá reyndi prófessor Beloff sálfræðingur að koma honum til hjálpar með því að segja að til væru dæmi um slíkt minni. Ég ávarpaði þá prófessor Beloff og bað hann að horfa á mig um leið og ég horfði á hann og vita svo hvort hann sæi mig á sama hátt þegar hann lokaði augunum. Við þessar spurningar fékk ég gott tækifæri til að beina athygli hlustenda sífellt betur að þessu undirstöðuatriði. Þeir skiptust á að spyrja mig mest þessir tveir, og svo ýmsir aðrir, og það var furða hvað mikið varð úr þessum umræðum á ekki lengri tíma en mér var skammtaður. Ég sannfærðist um það betur í þessum umræðum en nokkru sinni áður, hversu óhrekjandi hún er þessi draumakenning hans Helga Pjeturss, hvaðan sem á hana er litið — undireins og því sjálfsagða skilyrði er fullnægt að fjarhrifin séu viðurkennd. Ég lauk máli mínu á fundinum með því að biðja alla viðstadda að síendurtaka á sjálfum sér tilraunina til samanburðar á hugsun og skynjun.

Gáum vel að því að á þessum fundi var saman komið sumt af menntaðasta og lærðasta fólki í Bretlandi, og einnig hámenntað fólk úr öðrum löndum. Á slíkum fundi var draumakenning Helga Pjeturss borin fram alveg afdráttarlaust, og ég vil leyfa mér að segja að hún hafi haldið velli. Það er víst, að yfirburðir hennar njóta sín því betur sem menning og menntun viðstaddra er sannari og betri. Og sem betur fer fylgist það stundum að, að menn hafi lærdóm til að bera og séu þó sannmenntaðir.

Þegar ég gekk til sætis míns og fjölskyldu minnar að erindinu loknu, hugsaði ég að vísu með sjálfum mér: „Hefur nokkuð gerzt?“ En ég átti eftir að verða vel var við það, þegar á leið daginn, að ég hafði ekki til einskis komið fram. Margt gekk í haginn á óvæntan hátt, og ég kynntist nýju fólki, komst í ný sambönd, og ég fann að ég var af mörgum vel metinn. Slíkt er mjög góð tilfinning, og á að vera hvöt til að verðskulda hana og reyna að vinna sem bezt að því máli, sem maður veit vera réttast.

*Þorsteinn Guðjónsson.*



## TIL NÁLÆGS SÓLHVERFIS

Í síðasta Lífgeislablaði (júní 1977) lagði ég það til að við reyndum að senda lífgeislaskeyti til nálægs sólhverfis í Vetrarbrautinni — Epsilon Eridani, sem er í 11 ljósára fjarlægð og er vestur af Rigel í Oríon, en suður af nautsmerki. Ég tiltók sérstakan dag, 29. ágúst, þegar tungl yrði fullt hér, og skyldum við þá senda mynd tunglsins fulls og gera það frægt í öðru sólhverfi, en reyna jafnframt að koma annarri vitneskju með.

Ekki grunaði mig það þá, þegar þetta var skrifað, að á hinum tiltekna tíma yrði ég kominn suður til Lundúnaborgar í erindum, sem vörðuðu þessi mál okkar. Nóttina 27.—28. ágúst var ég ásamt fjölskyldu minni á leið suður England í járnbrautarvagni, og hafði góða útsýn til himins úr klefa mínum.

Þoka hafði verið og rigning fyrr um daginn, en henni létti í Miðlöndunum og við blasti furðufagur austurhiminninn með Oríon, Tvíburum, Sjöstirninu og Aldabaran, ásamt þremur reikistjörnum, sem stóðu í beinni röð upp frá sjóndeildarhring. En það var skrítið, að á þessari stundu datt mér alls ekki í hug stjarnan, sem átti að senda skeyti til, þó að hún væri einmitt á því svæði, sem blasti þarna við.

Á hægri hlið, þegar suður var horft, sá út úr klefa mínum og þvert yfir ganginn, til himins í vestri. Og tunglið var þar að setjast, eldrautt í móðu sjóndeildarhringsins, og í fyllingu að sjá, enda átti það aðeins einn dag eftir. Þarna var það komið tunglið, sem átti að senda! Þess minntist ég á þessari stundu og óskaði, að svo yrði, að annaðhvort ég eða einhver annar meгнаði að senda. Ef til vill hann Michael Dickinson í Cumberland eða Garðar í Hellisholtum eða einhver annar góður himinskoðari. Því skyldu Jarðarmenn ekki geta sent frá sér skynjun og hugsun!?

Hvaða árangur bar hún svo þessi tilraun? Um það veit ég alls ekkert. En hún er þess eðlis að þegar staðið er á grunni sambandsuppgötvunarinnar, má sjá að allt mælir með því að slíkar tilraunir séu gerðar.

*Þorsteinn Guðjónsson.*

## **BROT ÚR KVÆÐINU „TIL MÓÐUR MINNAR“.**

Þá til heims fæðumst,  
til harmkvæla móður  
fóstrið ekki finnur,  
en í ljós komið  
kvöl það líður,  
með tárur heilsar heimi.

En til annars heims  
öðruvísi  
fer með fæðing vora,  
kvelst þá fóstrið fyrst,  
en komið í ljós  
hlær á móti himni.

— — —  
Ei er það aflvana  
né ómálga,  
sem áður hér í heimi;  
léttfært flýgur það  
til ljósheima drottins,  
og angurs einskis kennir.

*Bjarni Thorarensen.*

# Draumar

## Draumur um hvarf vettlinga

### I.

Mig dreymdi. Mér þótti ég vera staddur þar, sem margt fólk var að koma til kirkju.

Lítill stúlka, á að giska 5 ára gömul, kom í fylgd með móður sinni. Ég þóttist eitthvað þekkja þær. Stúlkan var með vettlinga á höndum, nokkuð þykka og stóra. Ég hjálpaði henni úr öðrum vettlingnum og lagði hann svo á gólfið. Ég horfði á vettlinginn smástund. Og þá brá svo merkilega við, að hann hvarf allt í einu. Og um leið og hann hvarf, myndaðist ljós, sem stóð þó aðeins örskotsstund. Ég horfði undrandi á gólfið, þar sem vettlingurinn hafði legið. Og ég beygði mig niður, og strauk með fingrunum um blettinn, en þar voru engin merki þess að neitt hefði legið þar.

Ég tók nú hinn vettlinginn af litlu stúlkunni, og lagði hann á gólfið, á sama stað. Ég horfði á hann stundarkorn. Og þá leystist hann líka upp og hvarf. Ekkert ljós myndaðist. En ég tók eftir, að á gólfinu var þunn þokuslæða, gráleit, en hún hvarf einnig, næstum samstundis.

Undrandi leit ég á móður stúlkunnar og spurði: „Hvernig stendur á þessu?“ En hún svaraði: „Það gerist svo margt undarlegt í sambandi við þessa telpu.“

Draumurinn varð ekki lengri.

### II.

Í þessum draumi virðist svo, sem draumgjafi minn verði sjónarvottur að því, er hlutir afefnast. Slíkt er ekki óþekkt fyrirbæri á okkar jörð. Hlutir hverfa og koma aftur fram síðar. Ýmsir geta vottað þessa reynslu sína. Hitt mun aftur vera fremur fátítt, að menn verði beinlínis sjónarvottar að efnun eða afefnun hluta, meðan slíkur atburður er að gerast. En ekki mun það heldur vera alveg óþekkt.

*Ingvar Agnarsson*

*(Dreymt 15. ágúst 1977).*

## Tveir draumar

Aðfaranótt 30/1 1977, dreymdi mig eftirfarandi:

Ég þóttist staddur á bernskuslóðum og með mér einhverjir tveir menn, sem ég ekki kem fyrir mig hverjir voru, en okkur verður litið til lofts þar sem við sjáum fljúgandi hlut baðaðan ljósi. Við horfum lengi á þetta fljúga frá norðri til suðurs, en allt í einu breytir það stefnu og snýr í átt til okkar og lækkar flugið þar til það lendir svo sem 20 m frá mér, en mér þótti ég kasta mér niður og loka augunum. En þegar ég leit upp aftur, sá ég 2 menn koma út og við hlið mér stóð ílát með kartöflum í og einhverskonar verkfærakrúsir en er ég var að virða þetta fyrir mér, fóru mennirnir inn í farkostinn og hóf það sig þegar á loft aftur. En þar sem það hafði verið var greinilegt far á jörðinni og við hliðina lá eftir einhverskonar tækjabúnaður, sem mér fannst mjög flókinn að gerð. Mér fannst ég ekki mætti snerta neitt af þessum hlutum og verða að kalla til sérfróða menn til að sýna þeim þetta, en við þetta vaknaði ég.

Ég vaknaði strax aftur og þá fannst mér ég kominn í annað umhverfi eða á aðra jörð og að mér fannst enginn þurfa húsaskjól og þegar fólk lauk upp augunum, var umhverfið svo unaðslegt, hitinn og birtan svo þægileg, að æðra líf hlaut að vera í nálægð.

Af öllu þessu fólki fannst mér ég þekkja með vissu einn mann en hann er lifandi eins og sá, sem fór með mér þessa ferð, aðra fannst mér ég kannast við en kom þeim ekki fyrir mig, en fannst þeir hafa breyst í nýjan líkama. Uppúr þessu vaknaði ég hryggur af að njóta ekki lengur þess unaðslega ástands, sem ég hafði komist í, en fann þó langa stund þægilega kennd seytle í vitund minni.

*Dreymt í 10 Ford Lane,  
Roseland, N. J., U. S. A.,  
Steinþór Ásgeirsson.*

# Sambandsfundir

## Miðilsfundur 19. nóvember 1976

*Helgi Pjeturss* (Sveini Haraldss.): Komið sæl. Þið hafið hist hér og ýmsir góðir menn vilja koma hér fram áhrifum sínum meðal ykkar. Áreiðanlega eru þeir ekki fáir, ykkar framliðnu vinir, sem vildu láta ykkur njóta góðs af mætti sínum og lífsvisku. Er þetta ekki út í bláinn mælt. Það væri æskilegt, að af hálfu jarðarbúa væri reynt að greiða fyrir slíkum sambandsáhrifum, er hér um ræðir. Vitanlega er hægt að bæta sambandsskilyrðin á ykkar jörð, með samstillingu fjöldans í rétta átt. Á ég við, að tugir manna yrðu móttækilegir fyrir raunverulegan kraft og miklu framfarum en nokkru sinni áður hefur verið á ykkar jörð. En óljóst hefur verið, hvað sá kraftur væri, sem leita skyldi sambands við. Það hefur ávallt verið til fólk á ykkar jörð, sem hefur haft veður af einhverju fullkomnara, en ekki áttað sig á, hvaðan þau áhrif væru þeim komin.

*Dungal* (Sveini): Komið blessuð. Dungal. Hér hafið þið sambandsfund í stöð ykkar enn, og er ánægjulegt til þess að vita. Er ég sannfærður um, að þeir fundir, sem hér eru haldnir, eru ekki með öllu þýðingarlausir, en mætti vera betur. Það skapast aflsvæði á hverjum fundi. Áreiðanlegt er, að það hefur sína þýðingu, að hugsa til stjarnanna. Komið er nú á þann sjónarhól, þar sem blasir við óendanlegir möguleikar til framfara, ef menn vildu notfæra sér hina nýju þekkingu, sem Helgi Pjeturss uppgötvaði. Hann hefur undirbúið vísindalegan skilning á sambandi lífsins, eins og ykkur mun ljóst vera, en eftir er að ryðja þessari nýju þekkingu braut meðal manna, svo hún yrði öllum til blessunar.

*Guðlaug Guðlaugsdóttir* (Sveini): Hér kom ég fram, þar sem var mjög fagurt, fuglar sungu í lofti, líkt og á Íslandi, nema allt var miklu fegurra.

Áreiðanlega er það rétt, sem Helgi Pjeturss talar um, að komið yrði fram á annarri jarðstjörnu, þegar dauðinn er afstaðinn. Helgi

hafði áreiðanlega margt fram að færa rétt, um lífið og tilveruna. Ég varð alveg sannfærð um, að þetta væri hið rétta. Ég er ánægð með að vera komin hér á aðra jörð. Ekki er ég lengur gömul, heldur er ég ung og hress og glöð. Þetta er allt dásamlegt. Lífið er hér á miklu hærra stigi en áður, og orkan miklu meiri hér. Og tækifærin miklu meiri.

(Spurning: Varstu lengi að ná þér?) Ég svaf í nokkurn tíma, til að ná mér aftur. Er ég nú búin að ná kröftum mínum aftur. Ég er nú eins og fuglinn fljúgandi, því ég get svifið um hér, eins og ekkert væri auðveldara. — Læt ég nú ykkur um það að dæma um, hvernig mér hefur tekist að koma þessu fram. — Það er margt framliðinna vina og ættingja, sem ég hef hitt, yndislegt fólk, og eru þeir á að sjá sumir, svo öflugir og vel á sig komnir.

Það er svo mikil orka og samstilling og mikil gleði í hugum manna hér, að því verður ekki með orðum lýst.

Ég held, að varla geti ég lýst náíð umhverfi mínu hér. En það er líkt og á Íslandi. Hér eru fjöll. Landið er grösugt og skógi vaxnir vellir. Mikið um fugla. Ákaflega ilmandi gróðurinn. Allt virðist vera friðsælt og krafturinn í öllu lífi, miklu meiri en á jörðinni. Ég vildi óska þess að þið gætuð skynjað til mín, séð þetta allt, til að njóta þess með mér. En þetta tel ég geta átt sér stað, og ég held, að einnig þið teljið að þetta sé mögulegt. Þið hafið fulla löngun til, að þetta megi takast hjá mannkyninu, að koma sambandinu í betra horf. Væri það vel farið. (Spurning: Komstu fram úti eða inni?).

Á bersvæði, úti. Þar var fólk, sem komið var til að taka á móti mér, fólk sem ég þekkti. Það var þarna í kringum mig, uns ég var komin inn í hús. Þar sofnaði ég. Ég veit ekki, hversu lengi ég svaf, en þegar ég vaknaði, var pabbi hjá mér sem ég hafði þráð svo lengi. Hann var unglegur og bjart yfir honum, og ég var svo glöð að sjá hann.

Allt tekur sinn tíma, eins hér og hjá ykkur; eitt rekur annað, eins og á jörðinni; sömu lögmál lífsins ráða hér, sama aflið, en á hærra stigi, en á jörðinni.

(Spurning: Er sól á lofti núna?).

Má sjá hér á lofti sólina skína. Mjög er sú sól björt og allt er þetta ákaflega yndislegt, hvernig birtan er ríkjandi. Það kann að vera, að hægt sé að skýra þetta fyrir ykkur, með sólina, betur. En hún er mjög fögur og mjög björt. Langar mig til, að fara með ykkur hér um nágrennið og lýsa fyrir ykkur ferðalagi mínu,

en ég verð samt að láta það bíða. Ég verð að biðja ykkur að sýna mér þolinmæði. Ég á bággt með, að koma mér við ennþá og læt ég þetta nægja.

Vona, að þið hugsíð til mín. Ég er búin að koma nokkurri lýsingu til ykkar. Ég þakka ykkur innilega alla góðvild ykkar, og þakka ykkur allt liðið. Ég er ákaflega þakklát. Verið sæl.

*Sigurður Ólafsson* (Sveini: Sigurður Ólafsson. Komið sæl. Ég er alltaf með hugann hjá ykkur. Mér er það mikið kappsmál, að geta stuðlað að framför vísinda og breytt hugsunarhætti jarðarbúa. Var mér þetta áður ríkt í huga. Veit ég um þörf á breytttri stefnu á jörð ykkar, ekki síður en áður. Er mér það mikið áhugamál, ef ég gæti veitt ykkur eitthvert lið, en þið eigið við erfiðleika að stríða í baráttu við heildina.

(Spurning: Hefur þú komist í samband annarsstaðar?).

Já, Sigurrós hefur orðið vör við mig og reynt hef ég annarsstaðar.

Öll erum við nokkuð lík, þótt við flytjumst á aðra stjórn, að innræti og eðlisfari, en einstaklingseðlið á fyrir sér að fullkomnast, eins og Helgi Pjeturss sagði. Það á að verða eilíft og ævarandi og á að þroskast óendanlega. Einstaklingseðlið á að fullkomnast, þannig, að hver maður sigrist á hverju því, sem honum er áfátt í hugsun og í öðrum eignum. En einstaklingseðlið verður að þroskast, sem hluti í óendanlegri tilveru og sem þáttur í alheimslegu lífi og í sambandi við aðra einstaklinga. Hver maður verður að læra að stjórna sér.

Lífgeislunin, sem Helgi Pjeturss uppgötvaði, er staðreynd. Hún þarf að njóta sín miklu betur meðal jarðarbúa. Magnan frá æðri lífverum þarf að streyma fram í miklu ríkara mæli. Sífelld er leitast við, að hefja hið ófullkomna til fullkomunar, og ná hér tókum á ykkar jörð. Þá verður hvarvetna ríkjandi farsæld; þá verða ekki nein slys eða sjúkdómar til að spilla lífinu, heldur heilbrigði og fullkomin stjórn á atburðarás.

Hjá okkur er fullkomin heilbrigði og orka slík, að líkamir okkar hrörna ekki. Læknar hér gera sér ljóst, hvernig á þessu stendur, að heilsufar líkamans er svo furðulega fullkomið. Vita þeir af lífsorkunni og lögmálum hennar og skilja þar af leiðandi vel heilsuástand okkar í framlífinu.

Styrjaldarhættan, sem ávallt vofir yfir mannkyni ykkar jarðar og fleiri frumlífsmannkynjum, hún er það, sem þarf svo mjög að sigrast á. Vitanlega er andstilling helstefnumerki og því hættu-

legri verður andstillingin, sem menn hafa öflugri og skaðlegri vopn í höndum. Þetta ástand er geigvænlegt, meir en menn grunar. Það er eins og menn fljóti sofandi að feigðarósi. Hættur- ar eru augljósar, ef menn vilja sjá þær.

Leyfi ég mér að lokum að spá því, þrátt fyrir allt, að hér verði stefnubreyting, sem bjargi mannkyninu. Þetta er nú ef til vill ekki hægt að fullyrða, en ég spái því samt.

Ekki verður svo auðveldlega drepð niður afl Nýals, og ég vona, að ykkur auðnist að ná til fleiri og fleiri, með ykkar áhrifum. Það kann að koma *liðveisla* innan skamms, sem óvænt má kallast.

Ég segi ekki meira nú. Ég þakka ykkur öllum og vona að fleiri tækifæri bjóðist í framtíðinni, til að ræða við ykkur. Verið öll sæl.

*Inguar Agnarsson*

*ritaði jafnóðum og talaðist.*

## Miðilsfundur 28. mars 1977

*Helgi Pjeturss* (Sveini): Helgi, komið sæl. Orka er ykkur send. Við erum saman komnir í sambandsstöð, ýmsir framlíðnir vinir og skuluð þið reyna, að taka á móti orkunni. Vonandi mun takast góð samstilling, og þið getið treyst því, að við munum reyna að hjálpa ykkur til að skapa betri móttökuskilyrði. Er ég sannfærður um, að þessi starfsemi muni stuðla mjög að framförum í sambandsmálum. Ekki þykir mér ástæðulaust að búast við, að þetta muni bera ávöxt að lokum, eins og til er stefnt. Þarf að vísu ekki að halda, að sigur sé auðunninn, eins og reynslan hefur sýnt, en við reynum, að koma málum fram í sem best horf, þótt erfitt sé. Mikil ástæða er til, að hvetja alla, sem vilja að þessu máli vinna, að sýna drengskap. Því þarf að hugsa sér, sem mál þetta fái byr mikilla dáða og drengskapar nógu margra einstaklinga.

Mér virðist, sem þoki í áttina heldur, meðal almennings, skilningnum á þessum efnunum, svo að við vonum, að þessi starfsemi eða hreyfing, sem berst fyrir þessu málefni, fari ört vaxandi, og að samhugur þeirra, sem að þessu vilja vinna, geti orðið nægilega öflugur.

*Niels Dungal* (Sveini): Dungal, komið sæl. Hér beini ég orðum mínum til ykkar í stöð ykkar, sem oftast, og enn vil ég láta í ljós



ánægju mína yfir góðri samstillingu fundarmanna. Ekki er auðvelt að samstillast ólíka einstaklinga, þótt þeir vilji reyna að samstillast. Það er stundum vandasamt. En þótt ýmislegt kunni að valda þar erfiðleikum, er þó góður vilji nauðsynlegur og hefur ævinlega sín áhrif. Ég hugsa mikið til þess tíma, þegar Íslendingar fara að gera sér glögga grein fyrir þýðingu stillilögmálsins og hvernig má færa sér það í nyt, til að efla sambönd við aðrar stjórnur. En áhrif frá hverjum einum má rannsaka, stilliáhrifin, á vissan hátt og þarf að taka föstum tókum allar rannsóknir í þeim efnun.

Þegar sambandstillraunir eru gerðar, er mikilsvert, að athuga stillisgildi hvers þátttakanda, hvernig menn samstillast hverjum öðrum. Er þetta mál, sem vísindi þurfa að rannsaka. Mun ég nú ekki fara fleiri orðum um þetta.

*Íslensk kona (Sveini):* Ég á heima á annarri jarðstjórnun í öðru sólhverfi. Ég hef gaman af fólki og umhverfi. Er ég hamingjusöm, finn ekkert á skorta. Er ánægð í alla staði. Hver einn hefur hér sinn starfa. Öllum líður vel. Ég á heima í fögrum og indælum bústað.

Ekki er nú allt hér eins og hjá ykkur, en þó er flest nokkuð líkt. Sumir staðir hér eru miklu fegurri, en ég þekki til á jörðinni. Og það munu fleiri segja, að þeir hafi ekki áður slíka fegurð séð, er þeir hafa hér augum litið.

Menn eru hér ákaflega vel lifandi, andlega og líkamlega öflugir, á því landi, er ég á heima á. Skapast hér mikil orka milli manna, orkusambönd, og eflir hver annan, og þeir sem hér eru, eru ein heild, samstillt.

(Spurning: Hefurðu ferðast um á hnetti þínum?).

Átt hef ég þess kost, að ferðast og hef ég haft af því mikla ánægju og fróðleik. Séð hef ég önnur lönd og lært margt af því fólki, er þar býr, og dáðst að mörgu, er ég hef þar séð. Heimili og stofnanir hef ég séð og hver einstaklingur sýnir góðvild og greind.

*Ingólfur Runólfsson frá Hálsun í Skorradal (Sveini):* Sæl og blessuð. Það er óhætt að segja, að það er staðreynd, framlífið, og er mikil heimaska og skaðleg, að ímynda sér annað. Heimskan er margskonar, og öll heimaska er þessum málum skaðleg.

Ég var bóndi í Borgarfirði. Ekki segi ég að langt sé um liðið síðan ég fór. Þeir eru margir Borgfirðingar skáld og bændur jafnframt þó, eða hafa verið. Þetta sýnist mér hafa einkennt þjóðina meira og minna, að yrkja og starfa margt merkilegt.

Í Skorradal átti ég heima. Var ég bóndi á Hálsum. Já, ég heiti Ingólfur Runólfsson. Ég hugsa til sambands við stöð ykkar. Svo hef ég áður reynt að koma hér fram á fundum nokkrum orðum. Það er undravert, að hægt skuli vera að ræðast við sólhverfanna á milli, með þessum hætti, og það er það, sem reyndar á sér oft stað, án þess að menn þó viti það. Menn hugsa of skammt. En nú þarf ekki að kvíða. Það þykir mér góðs viti, að til skuli vera fólk á Íslandi, sem hefur hug og djörfung til að hrista af sér slenið og leita á fjarlæg mið stjarnanna.

(Spurning: Þekktirðu ljóð Einars Benediktssonar?).

Já, ekki var laust við að ég þekkti þau. Það var mikil hugsun og mikil viska í mörgum kvæðum hans.

(Spurning: Þekktir þú nokkuð til málefnis Nýals?).

Því miður of lítið. En kunnugt var mér um þetta nokkuð, að þessi kenning var til, sambandskenningin, sem Helgi Þjeturss flutti, uppgötvun hins mikla sambands. En ég var ekki mikill heimspekingur.

(Spurning: Telur þú ávinning að þessum heimsskilningi?).

Hiklaust játa ég því, að það sé mikill ávinningur hverjum viti-bornum manni, að tileinka sér þann skilning í heimsfræði, sem hér um ræðir. Þessi heimsskilningur er meira en merkilegur, ef ég má svo að orði komast, og er meira um hann vert, en bara að vera góður. Ég er viss um það. Sá sem færir sér hann í nyt verður dugandi lífstefnumaður.

(Spurning: Hvað viltu helst segja okkur frá þínum hnetti?).

Ekki er auðvelt að segja frá mínum hnetti. En þó má drepa á eitthvað, til að gefa einhverja hugmynd um hann, t. d. hvað hann er fullkominn að fegurð, og hve fjölbreytni náttúrunnar er mikil.

(Spurning: Er eingöngu um framlíf að ræða á þínum hnetti?).

Það má segja, að bæði sé hér framlíf og frumlíf. Nýir einstaklingar koma hér fram, þannig, að þeir fæðast af foreldrum, sem þá eru frumliðir, og er það ekkert óeðlilegt.

Fólk er hér öflugt mjög og bjart yfir öllum. Sérhver maður er fríður og gjörfulegur í senn.

Þessi orka, sem veldur muninum á framlífi og frumlífi, sambandsorka þessi: Svo mikið er til af henni og er sívaxandi, og viðleitni er á, að lifa svo, að okkur takist að sigrast á göllum okkar og bæta úr böli annarra.

(Spurning: Þekkest nokkurt böl á ykkar hnetti?).

Orka er mikil hér og þjáning og sjúkdómar þekkjast ekki, eins

og er á ykkar hnetti og annarsstaðar, þar sem ranglega stefnir. En sumir aðrir hnettir þurfa á hjálp að halda, þar sem ranglega stefnir. Þar er verksvið þeirra sem hærra standa, og afli miklu er beitt til að hjálpa bæði frumlífshnöttum og framlífshnöttum, þar sem bölið þróast.

(Spurning: Koma fram hjá ykkur menn frá okkar hnetti?).

Aflsvæði okkar hnattar er öflugt mjög og fram koma menn frá fleirum en einum frumlífshnetti og jafnvel frá framlífshnöttum. Takmarkalaus er orkan, sem heimurinn geislar frá sér. Alstaðar leitar orkan framrásar og farvegs í öllum alheimi stjarnanna, og í alheimi á sér stað sífelld magnan.

Ég hugsa mikið um orkulögmál tilverunnar. Ég undrast stórlega sköpunarverkið.

Það verður nú víst ekki meira, sem ég get sagt að sinni. Ég þakka góðvild ykkar. Verið sæl.

*Ingvar Agnarsson.*

*ritaði jafnóðum og talaðist.*

## **M Y R** —

### Úr ljóðum Einars Benediktssonar.

Ég heyri í alpögn hnattadansinn óma.

---

Bölið, sem aldrei fékk uppreisn á jörð,  
var auðlegð á vöxtum í guðanna ríki.

---

Ef hvötin er aðeins há og sterk,  
hinst, og að réttu, þú sigur átt.

---

Mín hæsta sorg og mín æðsta gleði,  
þær hittast í söngvanna hæðum.

---

Musteri guðs er hjörtun, sem trúá,  
þó hafi þau ei yfir höfði þak.

---

Maðurinn einn er ei nema hálfur,  
með öðrum er hann meiri en hann sjálfur.



Útgefandi: FÉLAG NÝALSSINNA

Álfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765. Pósthólf 1159, Reykjavík.

Ritstjóri: INGVAR AGNARSSON

---

## EFNISYFIRLIT

### ERINDI OG GREINAR:

Hin mikla kringlulaga vetrarbraut NGC 4486 (Sjá forsíðumynd) I. A. ....	Bls. 74
Upprifjun lausnar — og árétting Þ. J. ....	— 75
Nútíma draugasaga Kj. Nd. ....	— 79
Burður meðal guða Þ. J. ....	— 86
Nýall í Lundúnaborg Þ. G. ....	— 89
Til nálægs sólhverfis Þ. G. ....	— 97

### LJÓÐ:

Brot úr kvæðinu „Til móður minnar“ B. Th. ....	— 98
--	------

### DRAUMAR:

Draumur um hvarf vettlinga I. A. ....	— 99
Tveir draumar St. Ásg. ....	— 100

### SAMBANDSFUNDIR:

Úr miðilsfundi 19. nóvember 1976 ....	— 101
Helgi Pjeturss. — N. D. — G. Guðl. — Sigurður Ólafsson.	
Úr miðilsfundi 28. mars 1977 ....	— 104
Helgi Pjeturss. — N. D. — Íslensk kona, ónefnd. — Ingólfur Runólfsson.	

### MYR:

Spakmæli og snilliorð úr ljóðum Þ. J. ....	— 78
Spakmæli og sannyrði frá liðinni tíð ....	— 85
Úr ljóðum Stgr. Th. ....	— 88
Úr ljóðum Einars Benediktssonar ....	— 107